



Ásbraut

Nýtt deiliskipulag

Forsendur
Ferill málsins
Viðbrögð Kópavogsbæjar við ábendingum
Niðurstaða



1) Forsendur

Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019 -2040 er landnotkun skilgreind sem íbúðarsvæði, opið svæði og miðsvæði. Einnig liggur skilgreindur göngu- og hjólastígur um Ásbraut.

2) Ferill máls

Lýsing skipulagsverkefnis

Bæjarráð Kópavogs í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi 18. júlí 2024 að kynna skipulagslýsingu, dags. 12. júlí 2024, fyrir nýtt deiliskipulag Ásbrautar. Skipulagslýsing var auglýst frá 19. júlí – 23. september 2024. Dreifibréf voru send á öll staðföng innan skipulagssvæðis þar sem vakinn var athygli á kynningartíma lýsingarinnar.

Tillaga á vinnslustigi

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi 25. mars 2025 að forkynna tillögu að nýju deiliskipulagi Ásbrautar, dags. 14. mars 2025 í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vinnslutillaga var auglýst frá 7. apríl -14. Maí 2025.

Opið hús var haldið miðvikudaginn 7. maí þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar gátu komið og kynnt sér vinnslutillögu ásamt fylgigögnum. Dreifibréf voru einnig send á öll heimili innan svæðisins þar sem vakinn var athygli á kynningu vinnslutillögunnar.

Auglýst tillaga

Bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar, samþykkti þann 17.7.2025 að auglýsa tillögu Kynningartími tillögu var frá 30.júlí -18.september 2025. Alls bárust ábendingar frá 6 aðilum.

3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Hér verður gerð grein fyrir athugasemdum sem komu fram og viðbrögðum við þeim. Umsagnir og athugasemdir hafa verið styttaðar og umorðaðar til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni inn á Skipulagsgátt undir málnúmeri 930/2024.

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Skipulagsstofnun
2. Garðabær
3. Veitur
4. Reykjavíkurborg
5. Landssamtök hjólríðamanna
6. Vegagerðin

1 Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun hefur borist erindi þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi. Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi málsins.

Umsögn/viðbrögð

Ekki þörf á viðbrögðum



2. Garðabæ

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Umsögn/viðbrögð

Ekki þörf á viðbrögðum

3. Veitur

Á svæðinu eru hitaveitulagnir og rafmagnsstrengi í eigu Veitna sem þarf að taka tillit til við framkvæmdir. Þar sem tillagan felur einungis í sér lagningu nýrra göngu- og hjólastíga, er gert ráð fyrir að áhrif á núverandi kerfi verði takmörkuð.

Veitur leggja áherslu á að við hækkun yfirborðs stíga verði tryggt að yfirborðslokar skili sér upp fyrir nýja yfirborðið. Einnig þarf að skoða hvort nauðsynlegt sé að lengja hlífðarrör til að vernda lagnir gegn raski. Á svæðinu er gamall hitaveitubrunnur sem Veitur vilja afleggja samhliða framkvæmdum. Þá vilja Veitur kanna hvort tækifæri sé til að leggja bakrás í tengslum við verkefnið.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir heimild til að byggja bílskúra milli húsa nr. 3 og 9. Veitur benda á að heimplögn fyrir Ásbraut 7 og 9 liggur um svæðið. Samkvæmt skilmálum Veitna er óheimilt að byggja yfir heimplagnir eða hindra aðgengi að þeim, t.d. vegna viðhalds eða bilana. Slíkar framkvæmdir má aðeins framkvæma í samráði við Veitur og með viðeigandi ráðstöfunum. Ef breytingar á deiliskipulagi leiða til þess að heimplagnir þurfa að færast, ber lóðarhafi allan kostnað sem af því hlýst.

Veitur leggja áherslu á gott samstarf og óska eftir að fá upplýsingar um fyrirhuguð áform og tímasetningar, svo hægt sé að samræma aðgerðir og tryggja að lagnakerfi verði ekki fyrir óþarfa raski.

Umsögn

Tekið verður tillit til lagna og yfirborðsloka við hönnun og framkvæmd stíga, og samráð haft um afleggingu brunns og mögulega bakrás. Í skilmálum deiliskipulags kemur eftirfarandi fram um heimplagnir:

„Hafa skal í huga að um lóð 3-5 liggja heimplagnir að Ásbraut 7-9. Óheimilt er að byggja yfir heimplagnir og hindra þannig að þeim aðgengi. Ef til gerð bílskúra á lóð 3-5 kemur verða breytingar á legu heimplagna alfarið á kostnað lóðarhafa.“

4. Reykjavíkurborg

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur fagnar stígatengingunni, enda er hún hluti af stofnleið hjóltreida á höfuðborgarsvæðinu.

Umsögn

Ekki þörf á viðbrögðum

5. Landssamtök hjóltreidamanna

LHM hafa gert umsagnir um deiliskipulag Ásbrautar á fyrri stigum. Við höfum m.a. bent á að samkvæmt leiðbeiningum um hönnun fyrir reiðhjól kallar fjöldi bíla og ökuhraði í götunni ekki á umfangsmikla endurgerð götunnar og að fé samgönguáætlunar gæti verið betur varið í aðrar brýnni framkvæmdir í Kópavogi.

Á þessu stigi vilja LHM koma með tillögu um að leið hjólandi verði með aðalbrautarrétti og koma með almenna ábendingu um betri tengingu umrædds kafla um Ásbraut við aðra stíga í norður og suður. Aðalbrautarréttur LHM leggja til að leið hjólandi og akandi verði með



aðalbrautarrétti yfir Hábraut og Hamraborg með því að hafa biðskyldu á umferð upp og niður Hábrautina við gatnamót Ásbrautar og Hábrautar og með því að hafa biðskyldu á umferð um Hamraborg við gatnamót Hábrautar og Hamraborgar, eins og sýnt er á 1. mynd.



Tillaga um biðskyldu á Hábraut og Hamraborg.

Tengingar við aðra stíga í nágrenni

Huga þarf vel að hönnun tengingar frá Ásbraut niður að Kársnesbraut því sú tenging verður óhjákvæmilega nokkuð brött. Ekki er gefið að betra sé að setja hlykki á stíginn. Slík lausn gæti í staðinn búið til fleiri og alvarlegri vandamál s.s. fall í sönduðum og hálum beygjum eða vesen með vetrarþjónustu. Þverun yfir Kársnesbraut og Sæbólsbraut getur verið hættuleg en skoða má hvort það myndi auka öryggi að hafa samtíma ljósafasa þar sem allar þveranir gangandi og hjólandi fá grænt ljós á sama tíma, þ.e. sambærilega lausn og er við gatnamót Borgarholtsbrautar Urðarbrautar. Ganga þarf frá gerð hjólastígs í framhaldi af deiliskipulagssvæðinu í Ásbraut í suður og laga tengingu stíga frá götunni Hamraborg í suður framhjá Salnum og Bókasafninu. Núverandi fyrirkomulag er óheppilegt, mikill bratti upp frá safnasvæðinu í norður og hætta á samstuði við bílstjóra við litla hringtorgið við götuna Hamraborg og ekki nægjanlega skýr skil milli hjólandi og gangandi á safna- og leiksvæðinu. Þennan hluta leiðarinnar mætti endurhanna.

Að öðru leyti gerir LHM ráð fyrir því að í hvívetna verði höfð hliðsjón af HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR Leiðbeiningar sveitarfélaga



höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar (19.12.2019 eða nýrri útgáfu) og óskar eftir að fá tækifæri á seinni stigum til að rýna og senda inn athugasemdir.

Gróður og skjólmyndun: Leggja þarf áherslu á gróður til skjólmyndunar. Við stíga ætti að gera ráð fyrir gróðri og trjám sem draga úr vindi og skapa skjól án þess að hindra stígsýn við gatna- og stígamót.

Merking leiða: Gera þarf ráð fyrir merkingu göngu- og hjólastíga með leiðarmerkjum og gerum við ráð fyrir að gerð verði grein fyrir þeim í verkhönnun.

Umsögn

LHM hefur bent á að samkvæmt leiðbeiningum um hönnun fyrir reiðhjól kallar fjöldi bíla og ökuhraði í götunni ekki á umfangsmikla endurgerð götunnar.

Eins og fram kemur í minnisblaði um fyrirkomulag hjólainnviða við Ásbraut sem fylgir auglýstri tillögu:

Þar sem um stofnleið hjóleiða er að ræða, reikna má með vaxandi hjólandi umferð og til að gæta samræmis er þó tilhlýðilegt að aðgreina umferð akandi og hjólandi um götuna. Það er best gert með hjólein samkvæmt Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjóleiðar. Enda æskilegt að aðskilja hjólaleiðir frá gönguleiðum á stofnleiðum hjóleiða. Eins og segir í Hönnunarleiðbeiningum, kafla 5.1 bls. 15: Stígur án aðskilnaðar frá gangandi umferð: „*Stígur án aðskilnaðar gangandi vegfarenda og hjóleiðamanna ætti aðeins í undantekningartilfellum að vera hluti skilgreinds leiðakerfis hjóleiðamanna og helst aldrei hluti stofnleiðar.*“

Á fyrstu stigum skipulagsgerðar var horfið var frá fyrri hugmyndum um tvístefnu hjólastíg um Ásbraut, enda kallaði hann bæði á umfangsmiklar framkvæmdir og var ekki í samræmi við ýmis ákvæði hönnunarleiðbeininga. Með auglýstri skipulagstillögu eru kröfur hönnunarleiðbeininga um öryggi og samfeldar lausnir best uppfylltar með minnstum tilkostnaði. Umferð gangandi og hjólandi skal aðskilja. Skipulagður er lágmarks aðskilnaður akandi og hjólandi, enda liggur leiðin um fáfarna 30 km íbúðargötu. Nákvæm útfærsla hjóleina verður ákvörðuð í verkhönnun.

Forgangsmerki aðalbrautar er einkum notað í dreifbýli. Aðalbrautarkerki gilda framar almennum reglum um forgang umferðar. Vissulega þekkist að aðalbraut beygi á vegamótum og þá sýnt með undirmerkjum 815.x sbr. 26. gr umferðarlaga nr. 240 5. janúar 2024. En þá er helst um að ræða götur þar sem einn umferðarstraumur er afgerandi stærstur eða gata leiðir að sérstaklega mikilvægum áfangastað. Þetta er sjaldgæft fyrirkomulag og enn sjaldgæfara í þéttbýli. Mjög óvanalegt væri að aðalbraut myndi beygja inn í botngötu eins og LHM leggja til við Ásbraut.



Burt séð frá aðalbrautarskilgreiningu er mjög óvanalegt að biðskylda sé á beina leggin á T gatnamótum. Má gera ráð fyrir að slíkt valdi ruglingi og í versta fall að biðskylda yrði ekki virt.

Aftur á móti er gert ráð fyrir að yfirborð umræddra gatnamóta verði hellulagt, beygjuradúsar þrengdir og þar með dregið úr umferðarhraða og gatnamótunum gefið þéttbýlislegra yfirbragð í þágu aukins umferðaröryggis fótfarenda.

Athugasemdir Landssamtaka hjóleiðamanna varðandi tengingar við stígakerfi í norður og suður, þverun Kársnesbrautar og fleira lúta að atriðum utan skipulagssvæðisins. Eins og skipulagsuppráttur Ásbrautar gefur til kynna er gert ráð fyrir bættum hjólainnviðum inn og út af skipulagssvæðinu. Þegar að skipulagi og hönnun þeirra kemur verða ábendingar LHM vel þegnar.



Ábendingar LHM um merkingar, gróður og skjólmyndun verða hafðar til hliðsjónar við verkhönnun. Við bæði hönnun sem og skipulag er hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar fylgt eins og göturýmið best leyfir.

6. Vegagerðin

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagið sem er utan áhrifasvæðis stofnvega í umsjá stofnunarinnar en bendir á að samráð þarf að eiga sér stað varðandi fyrirhugaða hjólabrú sem er sýnd utan núverandi deiliskipulagsumsóknar en kæmi til með að hafa áhrif á stofnvegi.

Vegagerðin vekur athygli á leiðbeiningunum „Vegir og skipulag“ sem ætlað er að Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Umsögn

Ekki þörf á viðbrögðum

Niðurstaða umsagnar

Ekki er talin ástæða fyrir að gera frekari breytingar á deiliskipulagstillögunni.

